

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1121**

2024/EES/11/44

frá 8. júlí 2021

**þar sem tilgreindar eru upplýsingar um tölfraeðileg gögn, sem aðildarríkin eiga að leggja fram
að því er varðar eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, með tilliti til
öryggis og samræmi vara (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 frá 20. júní 2019 um markaðseftirlit og samræmi vara við kröfur og um breytingu á tilskipun 2004/42/EB og reglugerðum (EB) nr. 765/2008 og (ESB) nr. 305/2011 ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020 skulu aðildarríki leggja nákvæm tölfraeðileg gögn fyrir framkvæmdastjórnina um eftirlitið sem sinnt er af yfirvöldunum sem þau hafa tilnefnt skv. 1. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar vörur sem falla undir lög Sambandsins og koma inn á markað Sambandsins. Samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1020 skulu tölfraeðilegu gögnin ná yfir fjölda íhlutana á sviði eftirlits með slíkum vörum að því er varðar öryggi og samræmi vara.
- 2) Nauðsynlegt er að tilgreina upplýsingarnar varðandi slík tölfraeðileg gögn.
- 3) Ef íhlutun yfirvalda, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020, leiðir til þess að markaðseftirlitsyfirvöld geri þá kröfu að vara verði ekki afgreidd í frjálst flæði skv. 1. og 2. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar, ætti að bæta ítarlegri upplýsingum um viðkomandi vöru við tölfraeðilegu gögnin um fjölda íhlutana í því skyni að skilja betur vandamál og þróun að því er varðar öryggi og samræmi vara. Þau tölfraeðilegu gögn sem lögð eru fram geta einnig stuðlað að bættri áhættustýringu.
- 4) Þó að tölfraeðilegu gögnin sem lögð eru fyrir framkvæmdastjórnina um íhlutanir á sviði eftirlits ættu að ná yfir allt eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins ættu þau engu að síður aðeins að ná yfir eftirlit þar sem íhlutun tilnefndra yfirvalda hefur í raun átt sér stað. Tölfraeðilegu gögnin ættu því ekki að ná yfir gögn um eftirlit sem fer eingöngu fram með rafrænni gagnavinnslutækni.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Tölfraeðilegu gögnin, sem leggja skal fram skv. 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020, skulu ná yfir eftirfarandi upplýsingar um íhlutanir á sviði eftirlits með vörum sem falla undir lög Sambandsins að því er varðar öryggi og samræmi vara:

- a) heildarfjöldi íhlutana,
- b) heildarfjöldi íhlutana sem hafa leitt til tímabundinnar stöðvunar á afgreiðslu í frjálst flæði skv. 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020,
- c) fyrir hverja íhlutun sem hefur annaðhvort leitt til kröfu hlutaðeigandi yfirvalda um að viðkomandi rekstraraðilar ljúki sértækum aðgerðum eða kröfu markaðseftirlitsyfirvalds um að afgreiða ekki vöru í frjálst flæði skv. 1. og 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020:
 - i. dagsetninguna þegar tollyfirvöld samþykktu tollskýrsluna,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 1.

- ii. upplýsingar um tegund tollskýrslu ef um er að ræða tollskýrslu með skertu gagnasafni skv. 143. gr. a og 144. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 ⁽²⁾,
 - iii. upprunaland (gagnastak 16 08 000 000) eða, ef það er ekki tiltækt, land útflytjanda (gagnaundirstak 13 01 018 020),
 - iv. undirnúmer úr samræmdri tollskrá (gagnaundirstak 18 09 056 000),
 - v. númer úr sameinaðri nafnaskrá ef það liggur fyrir (gagnaundirstak 18 09 057 000),
 - vi. viðbótareiningarnar (gagnastak 18 02 000 000) eða ef þær eru ekki tiltækar nettómassi (gagnastak 18 01 000 000),
 - vii. flutningsmáta við landamæri (gagnastak 19 03 000 000),
 - viii. helstu vöruflokka sem um er að ræða,
 - ix. helstu löggjöf Sambandsins sem markaðseftirlitsyfyrvöld hafa sannreynt að brotið hafi verið gegn,
 - x. upplýsingar um hvort varan geti verið afgreidd í frjálst flæði ef hlutaðeigandi rekstraraðilar ljúka sértækum aðgerðum eins og krafist er af viðkomandi yfyrvöldum.
2. Gögnin sem um getur í 1. mgr. skulu ná yfir gögn um allt eftirlit að undanskildu eftirliti sem fer eingöngu fram með rafrænni gagnavinnslutækni.
3. Ef tollskýrsla tekur til vara sem falla undir tvo eða fleiri liði í þeirri tollskýrslu, að því er varðar 1. mgr., skal líta á íhlutunina vegna hvers liðs sem sérstaka íhlutun.
4. Að því er varðar iii.–vii. lið c-liðar 1. mgr. þessarar greinar skulu gögnin, sem leggja skal fram, vera upplýsingarnar sem eru tiltækar í tollskýrslunni samkvæmt samsvarandi gagnastaki í viðauka B við framselda reglugerð (ESB) 2015/2446. Ef aðildarríki, í samræmi við 2. gr., 143. gr. a og 144. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/2446 eða aðrar umbreytingarreglur sem settar eru fram í þeirri reglugerð, beita öðrum gagnakröfum á tollskýrsluna skulu gögnin, sem leggja skal fram, samanstanda af jafngildu upplýsingunum sem eru tiltækar í tollskýrslunni sem ná yfir þessar gagnakröfur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 að því er varðar ítarlegar reglur varðandi tiltekin ákvæði tollalaga Sambandsins (Stjtið. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 1).